



Borgarráð

Reykjavík, 4. maí 2026

MSS26050010

Uppmæling á stjórnsýsluhúsum

Lagt er til að borgarráð samþykki að hefja endurskoðun á fyrirkomulagi ræstinga í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. Borgartúni 12-14, Tjarnargötu 12 og í Ráðhúsi.

Fyrsta skrefið í því verði að útbúa þarfagreiningu þar sem kerfisbundið skal farið yfir allar verklýsingar þrifa, ræstingapörf og áætla réttan vinnutímafjölda við ræstingar. Jafnframt verður metinn heildarkostnaður á grundvelli raunhæfra forsenda, þar á meðal með hliðsjón af kröfum við sanngjarnar og félagslega ábyrgar vinnuaðstæður. Greiningin skal vera unnin í samræmi við innkaupareglur og innkaupastefnu borgarinnar. Þegar niðurstöður úttektaraðila liggja fyrir verði gögnin lögð fyrir borgarráð ásamt upplýsingum um núverandi fyrirkomulag til samanburðar, í þeim tilgangi að meta hvort haldið verði áfram með útboðsferli fyrir ræstingu stjórnsýsluhúsanna eða að Reykjavíkurborg ráði sjálf inn starfsfólk til þess að annast ræstinguna.

Greinargerð:

Endurskoðuð innkaupastefna Reykjavíkurborgar var lögð fram í borgarráði 16. apríl 2026. Samkvæmt stefnunni fer innkaupaferli Reykjavíkurborgar fram í fjórum skrefum, þ.e. undirbúningur, innkaupaferlið sjálft, samningstíma og uppgjör samninga. Eitt fjögurra innkaupagilda Reykjavíkur er Ábyrg innkaup. Samkvæmt innkaupastefnunni skal við undirbúning ábyrga innkaupa gera þarfagreiningu, áður en ákvörðun er tekin um útboð, með t.d. samráði við hagaðila, svo sem ráðgjafa um vinnumarkaðsmál, í þeim tilgangi að tryggja félagslega ábyrgð og sanngirni. Fram hafa komið tillögur verkalýðshreyfingarinnar, m.a. frá fulltrúum hennar í samráðshópi með stjórnvöldum um málefni ræstingafólks og frá fulltrúum Eflingar á vettvangi forsætisnefndar. Meðal tillagna er að óháðir aðilar meti ræstingaverkefni í samræmi við viðurkenndar aðferðir m.a. á grundvelli viðmiðana frá Alþjóðavinnuáráðstofnun til að tryggja að ræstingarþörf og vinnuframlag sé rétt metið. Í því sambandi hefur verið vísað til fyrirkomulags í Danmörku sem fyrirmyndar. Með hliðsjón af framangreindu þykir mikilvægt að skoða alla raunhæfa kosti og afla heildstæðra og samanburðarhæfra gagna áður en ákvörðun er tekin um framtíðarfyrirkomulag ræstinga í stjórnsýsluhúsum borgarinnar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík